

Rekstrarsamningur 1708289

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Badmintonfélags Hafnarfjarðar kt. 5010013090 hér eftir nefnt BH gera með sér samning um umsjón og rekstur á Íþróttahússins við Strandgötu. Vísað er til annars samnings milli aðila um þjónustu við bæjarbúa.

I. Umfang samnings

1. gr.

Samningurinn gildir um rekstur Íþróttahússins Strandgötu 53 sem er í eigu Hafnarfjarðarbæjar. Nánar tiltekið er um að ræða samning um rekstur á íþróttahúsi, merkt 010101 í fasteignaskrá, ásamt félagsheimili, merkt 020101 í fasteignaskrá, auk bílastæða sem húsinu tengjast. BH tekur að sér rekstur Íþróttahússins Strandgötu í samræmi við ákvæði samnings þessa. Aðalstjórn BH er ábyrg fyrir rekstri Íþróttahússins Strandgötu og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

Framkvæmdastjóri BH annast að öllu leyti daglegan rekstur Íþróttahússins Strandgötu fyrir hönd aðalstjórnar BH.

II. Afnot af Íþróttahússinu Strandgötu

2. gr.

Hafnarfjarðarbær nýtir íþróttasali, útisvæði og búnings- og baðaðstöðu Íþróttahússins Strandgötu til notkunar fyrir skólaíþróttir frá kl. 8:00-16:00/15:00 virka daga frá 20. ágúst til 10. júní, og utan þess tíma úthlutar ÍBH aðildarfélögum sínum æfingartímum skv. ákvörðun Íþróttá- og tómsbundanefndar á opnunartíma hússins hverju sinni eins og hann er skilgreindur skv. [fylgiskjali 2](#).

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) hefur fasta skrifstofuaðstöðu á efri hæð Íþróttahússins Strandgötu sem er alls um 16,2 m² með fasta geymslu í kjallara. ÍBH hefur einnig umsjón með fundarherbergi á neðri hæð hússins og deilir fundartímum til aðildarfélaga.

BH hefur heimild til að leigja út Græna salinn til þriðja aðila á kvöldin en bærinn nýtir hann á dagtíma fyrir þjónustu á vegum Hafnarfjarðarbæjar á virkum dögum.

BH er heimilt að ráðstafa vannýttum tímum, þ.e. þeim tímum sem Hafnarfjarðarbær eða ÍBH nýta ekki í einhverjum af sölum Íþróttahússins Strandgötu á skilgreindum opnunartíma hennar. Haft skal samráð við Íþróttá- og tómsbundanefndina um slíka notkun.

3. gr.

Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta alla sali Íþróttahússins Strandgötu í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína, fyrir viðburði á hans á vegum eða á vegum ÍBH og aðildafélaga þess, án endurgjalds eða gegn hóflegri gjaldtöku þ.e.a.s. ef BH veitir bænum þjónustu vegna þessa, en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi BH. Um slík afnot skal haft samráð við BH og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

Um helgar á veturna hefur Hafnarfjarðarbær og ÍBH heimild til að vera með viðburði eins og íþróttamót, landsliðsæfingar, tónlistarupptökur og skemmtanir á vegum stofnanna bæjarins. Um er að ræða mest 20 skipti á ári og leggur BH til einn til tvo starfsmenn/baðverði meðan á undirbúningi og framkvæmd þessara stendur sjá nánar í [fylgiskjali 5](#).

III. Rekstur Íþróttahússins Strandgötu

4. gr.

Hafnarfjarðarbær greiðir fyrir rekstrarkostnað Íþróttahússins Strandgötu skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru þær sömu og það myndi kosta Hafnarfjarðarbæ að reka hana miðað við:

- opnunartíma/þjónustutíma á dag, á viku og/eða ári sem íþrótt- og tómstundafulltrúi ákveður í samráði við BH
- vaktaplan starfsmanna og umfang starfseminnar skv. [fylgiskjali 2](#)
- kjarasamninga Hafnarfjarðarbæjar við Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar eða önnur stéttarfélög

Greiðslur vegna samningsins skiptast með eftirfarandi hætti:

- a. Rekstrarframlag vegna launa starfsmanna við baðvörslu, rekstrarumsjón, smærri áhaldakaupa vegna skólaíþróttar og viðhalds þeirra, orkukostnaðar ásamt öðrum breytilegum rekstrarkostnaði innan og utandyra ([sbr. fylgiskjal 1 um skiptingu Umhverfis- og skipulagsþjónustu í viðhald og rekstur](#)), greiðist með jöfnum greiðslum mánaðarlega sbr. [fylgiskjal 4](#).
- b. Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstrarframlag) greiðist af Hafnarfjarðabæ og byggist á forgangsröðun verkefna og fjárhagsáætlun ár hvert. Umhverfis- og skipulagsþjónusta og íþróttafulltrúi í samvinnu við BH sér um innkaup að undanegnum verðkönnunum/útboði sem er í samræmi við innkaupareglur Hafnarfjarðarbæjar. Allt stærra viðhald húsnæðis er einnig í umsjón Umhverfis- og skipulagsþjónustu. Brunatryggingar greiðast af Hafnarfjarðabæ. Jafnframt slysatryggir Hafnarfjarðarbær börn til 18 ára aldurs í skóla- og frístundastarfi.

5. gr.

Aðalstjórn BH felur íþróttastjóra að sinna skyldum sínum samkvæmt samningi þessum. Meðal verkefna framkvæmdastjóra er ráðning starfsmanna við baðvörslu, móttöku, þríf og önnur verk sem til falla. Framkvæmdastjóri skal skipuleggja vaktir, vinnutíma, frí o.fl. BH annast ráðningu og gerð ráðningarsamninga við starfsmenn félagsins og skuldbindur sig til að hafa kjör starfsmanna í samræmi við þá samninga sem gilda um réttindi og kjör þeirra sem vinna sambærileg störf hjá Hafnarfjarðabæ. BH skuldbindur sig jafnframt til að hafa að lágmarki einn starfsmann við störf í Íþróttahússinu Strandgötu á hverjum tíma meðan starfsemi er í gangi og tvo einstaklinga við störf (karl og konu) þegar skólaíþróttir eru og þegar aðstæður krefjast þess. Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálpi fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Framkvæmdastjóri/formanni/íþróttastjóra skal starfa í nánú samstarfi við íþrótt- og tómstundafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og hann verður að gæta þess að starfsemi Íþróttahússins Strandgötu brjóti ekki í bága við almennar reglur Hafnarfjarðarbæjar um rekstur slíkra mannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem íþrótt- og tómstundafulltrúi telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja í Hafnarfirði og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli BH og Hafnarfjarðarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur Íþróttahússins Strandgötu að þeim ábendingum sem íþrótt- og tómstundafulltrúi kemur á framfæri fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Í umboði Hafnarfjarðarbæjar hefur framkvæmdastjóri/formaður/íþróttastjóri yfirlit yfir notkun á þeim tímum sem ÍBH og grunn- og leikskólar bæjarins hafa til umráða í mannvirkinu og skilar íþrótt- og tómstundafulltrúa yfirliti um notkun þeirra í upphafi hvers árs.

6. gr.

BH fær í sinn hlut tekjur sem Íþróttahússið við Strandgötu kann að gefa af sér utan húsaleigutekjur frá Flensborgarskóla, grunnskólaíþróttakennslu og iðjuþjálfun í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja félagið og til að bæta þjónustu við félagsmenn og bæjarbúa.

BH er einum aðila heimilt að stunda sölustarf í Íþróttahússinu Strandgötu og gerir það á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar og með samþykki íþróttá- og tómskundafulltrúa. BH hefur fullt umboð til að heimila aðila sem leigir eða fær húsnæðið lánað að stunda sölustarfsemi. Aðilar eru sammála um að sölustarfsemi er bönnuð til skólabarna á skólatíma.

BH er heimilt að setja upp auglýsingar sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífshátta á veggum í söllum Íþróttahússins Strandgötu og skal það gert í fullu samráði við íþróttá- og tómskundafulltrúa og arkitekta.

Fjáröflun BH í þessari grein er á ábyrgð, kostnað og áhættu félagsins og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

IV. Viðhald

7. gr.

Viðhald og rekstur Íþróttahússins Strandgötu skiptist í tvo þætti samanber viðmiðunarreglur Umhverfis- og skipulagsþjónustu um skiptingu í rekstur og viðhald ([sbr. fylgiskjal 1](#)),

- a. Viðhald innan dyra, á lóð og utandyra í umsjón Hafnarfjarðarbæjar
- b. Rekstur á lóð, hús og innan- og utan dyra í umsjón BH

Viðhald/rekstur skal vera í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og á þann hátt að starfsemi Íþróttahússins Strandgötu verði fyrir sem minnstum truflunum. Lögð er áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

Allt stærra viðhald skal greitt af Hafnarfjarðarbæ sem eina eiganda Íþróttahússins Strandgötu.

Forgangsráætlun um stærra viðhald og endurnýjun Íþróttahússins Strandgötu og búnaðar (sem ekki fellur undir rekstur íþróttafélags (sbr. fylgiskjal 1) skal íþróttastjóri skila inn til íþróttá- og tómskundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forgangsráætlunina mun íþróttá- og tómskundafulltrúa síðan áframsenda til Umhverfis- og skipulagsþjónustu sem mun stilla upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsáætlun og önnur verkefni í húseignum bæjarins.

8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif á Íþróttahússinu við Strandgötu er á ábyrgð BH og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar á Íþróttahússinu Strandgötu og/eða lóð hússins eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Hafnarfjarðarbæ.

V. Upplýsingaskylda íþróttafélagsins og viðurlög

9. gr.

BH er skylt að halda bókhald vegna rekstrar Íþróttahússins Strandgötu sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a. BH skal skila rekstraráætlun til íþróttá- og tómskundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert.

- b. BH skal skila árshlutauppgjöri til ípróttá- og tómstundafulltrúa fyrir janúar til og með júní 15. september ár hvert.
- c. BH skal skila ársreikningi til ípróttá- og tómstundafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.

10. gr.

Á grundvelli árshlutauppgjöra, ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði BH ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðamótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. BH getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

11. gr.

Telji ípróttá- og tómstundafulltrúi að Ípróttahússið við Strandgötu sé ekki rekið samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um vinnueftirlit, samninga um réttindi og kjör starfsmanna, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði BH ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðamótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

VI. Ýmislegt

12. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af Ípróttahússinu Strandgötu, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

[Fylgiskjal 1: Skipting umhverfis- og skipulagssviðs í rekstur og viðhald](#)

[Fylgiskjal 2: Opnunartími Ípróttahússins Strandgötu og vaktaplan starfsmanna](#)

[Fylgiskjal 3: Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur ípróttahúsa](#)

[Fylgiskjal 4: Rekstrarframlag fyrir árið 2020](#)

[Fylgiskjal 5: Föst útlán um helgar og aðrir stærri viðburðir í Ípróttahússinu Strandgötu](#)

Breytingar á fylgiskjölum verða aðeins gerðar með skriflegu samþykki beggja aðila.

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

13. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2020 og gildir til 31. desember 2021. Eftir þann tíma framlengist samningurinn og skal gilda þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

14. gr.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning frá árinu 2018 milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Ípróttabandalags Hafnarfjarðar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

15. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 7. október 2019

Fh. Badmintonfélags Hafnarfjarðar
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Fylgiskjal 1 – Samþykkt um skiptingu í rekstur og viðhald hjá stofnunum og íþróttafélögum bæjarins.

Tekið úr „*Samþykkt um skiptingu í rekstur og viðhald í stofnunum bæjarins*“ Sem var unnin og staðfest af vinnuhópi Fasteignafélags Hafnarfjarðar og fulltrúa grunnskólanna 7. nóvember 2007.

Rekstur tilheyrir viðkomandi stofnunum/íþróttafélagi en viðhald umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Stærra viðhald eigna íþróttafélaga/Hafnarfjarðarbæjar fer í hlutfalli eftir eignarhaldi.

Rekstur innan dyra	Viðhald innan dyra
Þrif Ljós og perur – önnur en endurnýjun ljósa Viðgerðir á sírennsli í WC og leki í krönum Lausar innstungur Viðgerðir á hurðalásnum og hurðahúnum Rekstur öryggiskerfa, hitakerfa, loftræstikerfa, vatnsúðunarkerfa og slökkvitækja Rafmagn- rekstrarkostnaður Vatnskerfi- rekstrarkostnaður Frárennsli, s.s. stíflur Viðgerðir á tækjum og búnaði Viðgerðir á húsgögnum, bólstrun o.þ.h.	Málning Gólfefni Loftaefni Fastar innréttingar Allar nýlagnir og endurlagnir á lögnum Öll ný kerfi skv. reglugerð s.s. brunakerfi
Rekstur, lóð og hús utan dyra	Viðhald, lóð og hús utan dyra
Umhirða á gróðri Snjómokstur og hálkuvarnir Sópun lóða Sandur og mól – endurnýjun Lagfæringar á leiktækjum á lóð Viðhald girðinga, s.s. brotnar fjalir og málun Veggjakrot Útiljós: ljós og perur – önnur en endurnýjun ljósa Hreinsun á rennum og niðurföllum Viðhald neta í mörkum Í samvinnu við íþróttafulltrúa rekstur á battavöllum	Málun Viðgerðir á útveggjum Þak, þakkantar og þakrennur Gluggapóstar og gler Heilmálun girðinga Í samvinnu við íþróttafulltrúa viðhald á battavöllum

Stærra viðhald og endurnýjun húsnæðis og búnaðar (sem ekki fellur undi rekstur stofnunar eða íþróttafélags hér að ofan)

Forstöðumaður skal skila inn forgangsröðuðum verkefnum vegna stærra viðhald og endurnýjunar á húsnæðis og búnaðar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu (íþróttafélögin skilatillögum til íþrótt- og tómstundafultrúa) fyrir 15. september ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári.

Forgangsráttun íþróttafélaga mun íþrótt- og tómstundafultrúa áframsenda yfirfarnar til verkefnisstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Eftir að hafa farið yfir inn komnar áætlanir stofnanna og íþróttafélaga mælir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu sér mót við forstöðumann hvernar stofnunar (ásamt umsjónarmanni

fasteigna/íþróttá- og tómsundarfulltrúa) og þeir fara á vettvangi saman yfir þau viðhaldsverkefni sem fram koma á áætluninni. Vettvangsskoðun þessi verði eigi síðar en fyrstu viku í október ár hvert vegna undirbúningsvinnu fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

Eftir að þessu er lokið gerir verkefnisstjóri hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu áætlunir sínar samkvæmt samþykktu fjárhagsáætlun og þegar ljóst er hvaða verkefni er mögulegt að vinna á næsta fjárhagsári er haldinn fundur með forstöðumönnum (og umsjónarmönnum fasteigna/íþróttá- og tómsundarfulltrúa) til að upplýsa þá um málið. Þetta verði gert eigi síðar en 31. janúar ár hvert.

Tekið saman/HS 28.10.2015

Fylgiskjal 2 - Opnunartími BH og vaktaplan starfsmanna

Skv. 4. gr. skal íþrótt- og tómstundafulltrúi ákveða opnunartíma/þjónustutíma á dag, á viku og/eða ár í samráði við BH. Aðilar eru sammála um eftirfarandi opnunartíma árið 2020:

Íþróttahússið Strandgötu skal vera opin til æfinga og keppni alla virka daga frá kl. 8.00 til kl. 23.00 og frá kl 9:00 á laugardögum og sunnudögum til 22:0 sé þess þörf á tímabilinu 20. ágúst – 10. júní ár hvert. Á tímabilinu 11. júní og til 19. ágúst skal Íþróttahússið Strandgötu vera opið frá kl. 8.00 til kl. 19.00 alla virka daga og lokað um helgar. Íþróttahússið Strandgötu hefur heimild til að vera með lokað í 4 vikur á sumri vegna sumarleyfa og á öllum almennum frídögum nema ef skipulögð eru mót eða sýningar á þeim dögum.

Vaktir starfsmanna skulu vera í samræmi við opnunartíma íþróttahússins og skulu þær vera í samræmi við lög og reglur er gilda um vinnutíma starfsmanna samkvæmt þeim kjarasamningum sem viðkomandi starfsmenn eru í.

Hafnarfirði, 7. október 2019

Fh. Badmintonfélag Hafnarfjarðar

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Fylgiskjal 3 – Listi yfir lög, reglugerðir, reglur og samþykktir Hafnarfjarðarbæjar um rekstur íþróttahúsa

1. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum.
2. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ásamt viðauka og skýringum, sem settar voru af Menntamálaráðuneytinu í október 2002 og samþykktar af Íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar 07.08.2003.
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003.
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum.
5. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum í Hafnarfirði - 1705047, samþykktar voru þann 7. júní 2017 hjá Íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar.
6. Samkomulag um afnot af íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar - 1705046 sem samþykktar voru þann 7. júní 2017 hjá Íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar.
7. Reglur um þrif í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykktar voru í Íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðar 11.02.2013 og staðfest af Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 20.02.2013.
8. Umgengisreglur í íþróttahúsum Hafnarfjarðar.

Fylgiskjal 4 - Rekstrarframlag 2020

	<u>2020</u>
Laun	28.500.000
Launat.gj.	5.775.000
<i>Laun samtals;</i>	<u>34.275.000</u>
Matarkostn:	140.000
Kaffiv.	90.000
Rafmagn	1.450.000*
Heitt vatn	1.450.000*
Ræstinga & hreinl.v.	400.000
Sími	250.000
Sorphirða	115.000
Viðhald áhalda og bún.	1.750.000
Viðhald fasteigna	900.000
Rekstur loftræstik.	65.000
Þjón.gj. lyftu	215.000
Rekstur öryggiskerfa	130.000
Heilbrigðiseftirlitsgjald	67.000
<i>Samtals annar kostn</i>	<u>7.022.000</u>
 <i>Samtals L+A kostn.</i>	 <u>41.297.000</u>

*í skoðun að Hafnarfjarðarbær greiði fyrir þennan breytilega kostnað beint og dregst þá þessi upphæð frá.

Eftir er að uppfæra laun miða við kjarasamninga við Starfsmannafélag Hafnarfjarðar

Fylgiskjal 5 - Föst útlán um helgar og aðrir stærri viðburðir í Íþróttahúsinu Strandgötu

Hafnarfjarðarbær og ÍBH og aðildarfélög hafa neðangreinda heimild til að nýta íþróttahúsið Strandgötu um helgar sem hér segir:

Um helgar á veturna frá 20. ágúst til 10. júní hverju sinni frá 9.00 að morgni til 22.00 að kveldi allt að 20 helgar ár hvert.

Á virkum dögum samkvæmd samkomulagi við BH og skóla ef um skólatíma sé að ræða. Slík skipti teljast sem helgarlán t.d. íþróttaviðurkenningarhátíð og grunnskólahátíð.

Einn starfsmaður frá BH sem er umsjónarmaður húsnæðis verður framlag BH að öðru jöfnu meðan á undirbúningi og framkvæmd stendur. Hafnarfjarðarbær/íþróttafélag getur óskað eftir að BH leggi til annan starfsmann sé þess þörf og hefð sé fyrir slíku s.s. Lottódanskeppni og ber BH að leggja hann til.

Sá aðili sem nýtir húsnæðið þarf að greiða BH fyrir þjónustu sem er umfram þessa upptalningu s.s. vegna fleiri starfsmanna, aukaþrifa, útkalls og láns á búnaði í eigu BH.

Um er aðallega að ræða neðangreinda aðila:

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar

BH

ÍBH

Grunnskólahátíð

Tónlistarskólinn

Íþróttahátíð bæjarins

Lúðrasveitin

Öldutúnsskóli

Flensborgarskóli

Tilkynna og óska þarf eftir viðkomandi helgur fyrir upphaf hvers skólaárs eða með minnst mánaðarfyrirvara

Ef Íþróttahúsið Strandgötu er lánað á starfstíma íþróttakennslu ber þeim sem sækir um að fá húsnæðið að fá heimild frá þeim skóla sem nýtir það í íþróttakennslu og þar sem kennsla er felt niður eða gerð að útikennslu.

Hafnarfjarðarbær hefur heimilt til að nýta Íþróttahúsið Strandgötu á þessum helgartímum til láns til landsliðsverkefna aðildarfélaga ÍSÍ og fyrir keppnishald íþróttafélaga í Hafnarfirði sem eru í ÍBH